

## 5. fundur IOTA deildar DKG starfsársins 2023-2024, haldinn 20. febrúar 2024

Haldinn í Sjálfstæðishúsinu á Ísafirði.

Ása formaður kveikti á kertum og bauð konur velkomnar. 13 konur mættar.

Soffía Vagnsdóttir hélt erindi á Zoom sem hún kallaði «Tilvera okkar er undarlegt ferðalag»

Þar fjallaði hún um framtíðarpælingar, fjölmenningu og sjálfstílrú/jákvæða sálfræði.

Matur í boði Hildar Halldórsdóttur smakkaðist vel.

Ása sagði frá niðurstöðum könnunar sem landsstjórn DKG stóð fyrir. Þátttaka var frekar dræm, eða 40% úr öllum deildum.

Niðurstöður voru m.a. þær að 83% sögðust vera ánægðar með að vera félagskonur Delta, Kappa, Gamma. 30% hafa aldrei sótt landssambandsþing, en 48% hafa sótt ráðstefnur á vegum félagsins. Kostnaður er ekki ástæða fyrir því að mæta ekki.

Spurt var um hvenær árs konur vildu hafa framkvæmdarráðsfund/landsfund (en þeir eru haldnir í apríl/maí til skiptis). Meirihluti vill halda því óbreyttu.

Það sem konum finnst vel gert innan DKG er t.d. fræðslan, samheldni, vinátta og það að vera félagskona er valdeflandi. Það sem nefnt var innan IOTA deildar var t.d. fundirnir, samheldni og málþing um læsi sem haldið var fyrir sunnan.

Það sem betur má fara er t.d. meira samstarf milli deilda, meiri þátttaka kvenna milli deilda og meiri sýnileiki.

IOTA deild nefndi að fjölga félögum, yngja upp, tímasetning funda og auka þátttöku í fundum.

Undir liðnum «kona kynnir sig» sagði Hildur Halldórsdóttir frá sér og sínum afrekum í lífi og starfi.

Blásið var á kerti og fundi slitið kl. 20.35

Næsti fundur fyrirhugaður 12. mars

Jónína Hrönn Símonardóttir ritaði fund.